

Ed. 713. Frumvarp til laga [428. mál]
um gjöld af tóbaksvörum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt gjald — tóbaksgjald — af vörum sem falla undir vörulið 24.01 og 24.02 í 1. gr. tollskrárlaga nr. 120/1976 með síðari breytingum. Þá skal og greiða gjald af vindlingapappír sem fellur undir tollskrárnúmer 48.01.80 og 48.10.00.

Gjald skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

- a) Tóbak óunnið, tóbaksúrgangur, tnr. 24.01.10—50: 0,91 kr. af hverju grammi eða minna af nettóþyngd vörunnar.
- b) Vindlar, þ. á m. smávindlar, tnr. 24.02.10: 0,91 kr. af hverju grammi eða minna af nettóþyngd hvers pakka, sbr. 6. gr. Séu vindlar með munnstykki telst það hluti af nettóþyngd við ákvörðun gjalds samkvæmt lögum þessum.
- c) Vindlingar, tnr. 24.02.20: 110,50 kr. af hverjum 100 stykkjum.
- d) Reyktóbak, tnr. 24.02.31: 0,91 kr. af hverju grammi eða minna af nettóþyngd hvers pakka, sbr. 6. gr.
- e) Annað unnið tóbak, tnr. 24.02.32—39: 0,91 kr. af hverju grammi eða minna af nettóþyngd hvers pakka, sbr. 6. gr.
- f) Vindlingapappír, tnr. 48.01.80 og 48.10.00: 6,90 kr. af hverjum 50 stykkjum eða færri í neytendaumbúðum, sbr. 6. gr.

2. gr.

Auk tóbaksgjalds skv. 1. gr. skal greiða vörugjald af vörum sem þar um ræðir. Vörugjaldið skal ákveðið í reglugerð sem fjármálaráðherra setur. Það skal aldrei vera lægra en 30% og aldrei hærra en 60%.

Vörugjald skv. 1. mgr. þessarar greinar skal lagt á tollverð innfluttrar tóbaksvöru, að viðbættum aðflutningsgjöldum, þ. m. t. tóbaksgjald skv. 1. gr. og tollafgreiðslugjald. Af tóbaksvörum sem framleiddar eru hér á landi og fá einhverja vinnslumeðferð eða er pakkað í neytendaumbúðir hérlendis reiknast vörugjald af verksmiðjuverði.

3. gr.

Af innfluttum tóbaksvörum skal innheimta gjald skv. 1. og 2. gr. við tollafgreiðslu þeirra, ásamt aðflutningsgjöldum.

4. gr.

Allir þeir sem framleiða eða pakka hér á landi vörum sem um ræðir í 1. og 2. gr., hvort sem er til sölu innanlands eða til eigin nota, eru gjaldskyldir samkvæmt lögum þessum.

Af tóbaksvörum sem framleiddar eru til sölu innanlands og gjaldskyldar eru skv. 1. og 2. gr. reiknast gjöldin við sölu eða afhendingu vörunnar frá verksmiðju eða framleiðanda og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram.

Framleiðsla tóbaksvöru til sölu erlendis skal undanþegin gjöldum samkvæmt lögum þessum.

Gjaldskyldir aðilar skuli ótilkvaddir senda tilkynningu um starfsemi sína til skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir. Þeir sem hefja gjaldskylda starfsemi skulu senda tilkynningu áður en starfsemin hefst.

Í tilkynningu skal greina nafn og heimili rekstraraðila, firmanafn og hvers konar framleiðslu sé um að ræða.

Skattstjórar skulu hver í sínu umdæmi semja skrár um alla þá sem hafa með höndum gjaldskylda starfsemi samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Þeir sem skyldir eru að innheimta gjöld skv. 1. og 2. gr. og tilgreindir eru á skrá, sbr. 4. gr., skulu ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því, þar sem þeir eru heimilisfastir, þau gjöld sem þeim ber að standa skil á. Greiðslu skal fylgja skýrsla á þar til gerðu eyðublaði um gjaldskylda sölu á uppgjörstímabilinu, þar með talin úttekt til eigin nota. Gjaldskylda sölu skal sundurliða eftir vöruheitum og tollskrárnúmerum.

Gjalddagar tóbaksgjalds og vörugjalds af tóbaki vegna sölu innlendrar framleiðslu eru sex á ári hverju, 1. janúar, 1. mars, 1. maí, 1. júlí, 1. september og 1. nóvember.

Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga.

6. gr.

Við ákvörðun tóbaksgjalds af óunnu tóbaki, tóbaksúrgangi svo og af vindlum, reyktóbaki og öðru unnu tóbaki, sbr. a-, c-, d- og e-lið 2. mgr. 1. gr., ber að leggja til grundvallar nettóþyngd vörunnar án hvers konar umbúða. Við ákvörðun tóbaksgjalds af vindlingapappír, sbr. f-lið 2. mgr. 1. gr., skal stykkjatala í neytendaumbúðum lögð til grundvallar.

7. gr.

Gjaldskyldar vörur samkvæmt lögum þessum, sem framleiddar eru hérlendis eða fluttar eru inn til neyslu hérlendis, skulu vera merktar merki íslenskra tollyfirvalda. Merkinu skal komið fyrir á hverjum einstökum neytendapakka eða neytendaumbúðum og þannig frá því gengið að það verði ekki rífið burtu án þess að pakkinn eða umbúðirnar beri þess merki.

8. gr.

Tóbaksgjald skv. 2. mgr. 1. gr. skal vera grunntaxti.

Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að hækka gjald af hverri gjaldskyldri einingu skv. 2. mgr. 1. gr. þannig að það hækki í réttu hlutfalli við hækkun sem kann að verða á framfærsluvisitölu, sbr. lög nr. 10/1981. Grunntaxti gjaldsins er miðaður við visitölu 1. febrúar 1985, þ. e. 126 stig.

9. gr.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um gjaldskyldu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, lögvernd, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi gjöld af innfluttum tóbaksvörum samkvæmt lögum þessum skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., lög um tollheimtu og tollefirlit nr. 59/1969 og lög nr. 47/1960 um tollvörugæmslur o. fl. með síðari breytingum.

Að því leyti sem ekki eru ákvæði í lögum þessum um álagningu, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, stöðvun atvinnurekstrar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi gjöld samkvæmt lögum þessum af innlendri framleiðslu eða tóbaki sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi skulu gilda eftir því sem við geta átt ákvæði laga nr. 10/1960 um söluskatt með áorðnum breytingum og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim svo og ákvæði laga nr. 77/1980 um vörugjald með síðari breytingum.

Um ágreining vegna flokkunar innlestrar tóbaksframleiðslu til gjaldskyldu skv. 1. og 2. gr. skulu þó gilda ákvæði 35. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, sbr. 1. mgr. þessarar greinar.

10. gr.

Fjárframlög ríkisins til tóbaksvarna skulu ákveðin af Alþingi við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

11. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1986. Um leið fellur úr gildi 15. gr. laga nr. 74/1984 um tóbaksvarnir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarp þessu er lagt til að tekin verði upp tvö ný gjöld er leggja skal á allt tóbak. Gjöldunum er ætlað að koma í stað einkasölugjalds og söluskatts af tóbaki. Frumvarp þetta fylgir frumvarpi til laga um verslun ríkisins með áfengi en það frumvarp hefur í för með sér þá breytingu á gildandi lögum, nái það fram að ganga, að einkaréttur ríkisins til innflutnings og sölu á tóbaki og eldspýtum verður afnuminn hinn 1. janúar 1986.

Eins og fram kemur í greinargerð með ofanefndu frumvarpi um verslun ríkisins með áfengi er talið eðlilegra fyrir ríkið og mun einfaldara miðað við núverandi aðstæður að afla þeirra tekna af tóbakssölu, sem taldar eru æskilegar á hverjum tíma, með beinni skattlagningu á innflutning þess og framleiðslu í stað þess að afla þessara tekna sem einkasöluaðili, sem í raun hefur aðeins falist í að annast innflutning, birgðahald og dreifingu fyrir umboðsmenn tóbakframleiðenda. Þá er og bent á það að óviðeigandi sé, í ljósi þess hve skaðsemi tóbaksneyslu er talin ótvíræð, að ríkið skuli stunda verslun með tóbak.

Með vísan til þessa er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir að afla frá og með 1. janúar 1986 þeirra tekna sem ríkissjóður hefur notið af einkasölugjaldi af tóbaki með sérstökum gjöldum, tóbaksgjaldi og vörugjaldi, sem leggjast skulu á allt innflutt tóbak svo og innlenda

tóbaksframleiðslu sé um hana að ræða. Einkasöluréttur ríkisins á tóbaki fellur hins vegar niður frá sama tíma.

Þar til í desember 1983 hafði sú regla tíðkast um alllangt skeið, varðandi verð tóbaks, að útsöluverð þess var ákveðið hið sama á sams konar tegundum án tillits til innkaupsverðs á hverri tegund fyrir sig. Hækkunir útsöluverðs á tóbaki á þessum tíma áttu í langflestum tilvikum rætur sínar að rekja til hækkunar einkasölugjaldsins en ekki til breytinga sem áttu sér stað á kostnaðarverði þess. Hækkun einkasölugjaldsins var jafnframt nær ætíð ákveðin hlutfallslega sú sama á allar tegundir tóbaks. Fyrir gat komið að tóbak, sem var tiltölulega ódýrt í innkaupi, væri selt á sama verði og sambærilegt tóbak sem var dýrt í innkaupi. Þetta fyrirkomulag við ákvörðun einkasölugjalds og útsöluverðs hafði raunverulega í för með sér að hvorki framleiðendur né umboðsmenn þeirra höfðu áhuga á að halda innflutningsverði niðri því að lágt innflutningsverð hafði engin áhrif á útsöluverðið, heldur leiddi einungis til hærri tekna ríkissjóðs í formi einkasölugjalds. Í ljósi þessa voru fyrir rúmu ári síðan ákveðnar nýjar verðlagningarreglur á tóbaksvörum. Tilgangur hinna nýju reglna var og er að tengja útsöluverðið í mun ríkari mæli en áður innflutningsverðinu á sama hátt og tíðkast í eðlilegu verðmyndunarkerfi. Í meginráttum felast reglur þessar í því að við kostnaðarverð vindlinga er bætt föstu gjaldi (einkasölugjaldi) er nemur nú 1,105 kr. á hvert stykki. Gjald þetta er grunngjald sem breytist í samræmi við þróun framfærsluvísitölu. Á kostnaðarverð vindla og reyktóbaks er hins vegar lagt fast gjald er nemur nú 0,91 kr. á gramm. Sama heildsöluálagning (10%) og sama smásöluálagning (16,5%) er hins vegar á öllu tóbaki. Þá er allt tóbak söluskattsskylt.

Til nánari skýringa skal hér gerð grein fyrir því hvernig verð á pakka af algengri vindlingategund er samsett.

	kr
Kostnaðarverð (komið í hús)	25,80
Einkasölugjald (1,105 kr. × 20 stk.)	22,10
	<hr/>
	47,90
Heildsöluálagning, 10%	4,79
	<hr/>
Heildsöluverð	52,69
Smásöluálagning, 16,5%	8,70
	<hr/>
	61,39
Söluskattur 24%	14,71
	<hr/>
Útsöluverð	76,10

Brúttóhagnaður ÁTVR á árinu 1984 nam tæpri 401 m. kr. Tóbaksgjaldið eins og það er ákvarðað í frumvarpinu er jafnhátt því einkasölugjaldi sem innheimt er af tóbaksvörum eftir verðbreytingu þá sem átti sér stað í febrúar s. l. Í ár er gert ráð fyrir að tekjur ÁTVR af einkasölugjaldi verði, miðað við sömu neyslu, um 570 m. kr. á verðlagi marsmánaðar s. l. Í þessu sambandi má minna á að gert er ráð fyrir að hækka einkasölugjaldið í samræmi við framfærsluvísitölu. Athygli skal vakin á því að neyslumynstrið hefur breyst nokkuð mikið að undanförunu í kjölfar hinnar nýju verðstefnu. Neyslan hefur t. d. flust meira yfir í evrópskar vindlingategundir, enda eru þær mun ódýrari en þær amerísku, einkum vegna mjög sterkrar stöðu dalsins. Neyslubreyting af þessu tagi hefur engin áhrif á tekjur af tóbaksgjaldi eins og það er hugsað samkvæmt frumvarpi þessu þar sem það ákvarðast af magni en ekki verði. Hins vegar kann neyslubreyting af þessu tagi að hafa áhrif á aðrar tekjur ríkissjóðs af tóbakssölu, þ. e. tekjur af álagningu og söluskatti, þar sem salan hefur aukist í ódýrari

vindlingategundum á kostnað þeirra dýrari. Mjög erfitt er þó að gera sér grein fyrir hver áhrif þetta kann að hafa á nettótekjur ríkissjóðs.

Eins og kunnugt er hefur sérregla gilt varðandi söluskattsinnheimtu af öllu tóbaki. Hún felst í því að ÁTVR annast innheimtu og skil hans en ekki smásalar. Ástæðan fyrir þessari sérreglu er sú að þar sem ríkið hefur eitt á sinni hendi alla heildsölu dreifingu á tóbaki svo og að tóbak hefur til þessa verið háð verðlagsákvæðum er auðvelt að gera sér grein fyrir skattstofninum og innheimta skattinn með einföldum og tryggum hætti. Ljóst er að þessu fyrirkomulagi verður ekki við komið ef einkasöluréttur ríkisins á tóbaki verður afnuminn, svo og verðlagshöft. Af þessu leiðir, komi ekki annað til, að söluskattur af tóbaki yrði í kjölfar afnáms einkasöluréttar ríkisins á tóbaki innheimtur í smásölu með venjulegum hætti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að ýmsar efasemdir eru uppi um áreiðanleika söluskattsskila smásöluvarpna hérlandis. Í þessu sambandi er rétt að benda á að söluskattsuppgjör matvöruverslana er í sjálfu sér ótryggt vegna hinna mjög svo flóknu reglna sem um það gilda. Þetta stafar fyrst og fremst af því að nær öll matvara er undanþegin söluskatti. Af þessum sökum hefur þurft að setja flóknar sérreglur um uppgjör þeirra sem í raun eru ekki mjög tryggar. Í ljósi þessa er í frumvarpinu lagt til að eiginlegur söluskattur verði felldur niður af hvers konar tóbaki en þess í stað verði lagt á og innheimt vörugjald er leggjast skal á tollverð tóbaks að viðbættum aðflutningsgjöldum svo sem tolli, tóbaksgjaldi skv. 1. gr. frumvarpsins, tollafgreiðslugjaldi og öðrum gjöldum sem innheimta skal eða innheimt kunna að verða af tóbaksvörum í tolli. Með þessum hætti á að vera tryggt að a. m. k. svipaðar tekjur skili sér í ríkissjóð í formi vörugjalds af tóbaki og nú á sér stað í formi söluskatts. Á árinu 1984 námu söluskattstekjur ríkissjóðs af tóbakssölu tæpum 255,2 m. kr. Eins og áður er rakið er heildsöluálagning ÁTVR nú 10% og leyfð smásöluálagning er 16,5%.

Að því gefnu að þessi álagningarhlutföll breytist ekki í kjölfar afnáms einkasöluréttar ríkisins og verðlagshafta er ljóst að vörugjaldið af tóbaki verður að vera 31% eigi það að skila sömu tekjum og söluskattur gerir nú. Nauðsynlegt þykir engu að síður, einkum í ljósi þeirra breytinga á neysluvenjum sem átt hafa sér stað að undanfögnu svo og að verð á tóbaki verður framvegis ekki háð verðlagsákvæðum, að veita ráðherra nokkurt svigrúm varðandi ákvörðun gjaldsins. Því er lagt til að gjaldið megi lægst vera 30% og hæst 60%. Með þessum hætti verður því hér eftir sem hingað til mögulegt fyrir hið opinbera að hafa bein áhrif á tóbaksverð án þess að til komi sérstök lagasetning í hvert sinn.

Að öðru leyti vísast nánar til athugasemda við einstakar greinar hér á eftir svo og til athugasemda við frumvarp til laga um verslun ríkisins með áfengi sem lagt er fram á Alþingi samhliða þessu frumvarpi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að gjald þetta verði innheimt með sama hætti og vörugjald, sbr. lög nr. 77/1980, og sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 107/1978, með síðari breytingum, að öðru leyti en því að tóbaksgjald verður magngjald, þ. e. visst gjald af þyngd, en vörugjöldin eru verðgjald, þ. e. tiltekið hlutfall af verði. Af þessum sökum er innflutningur tóbaks og innlend framleiðsla gjaldskyld með sama hætti. Jafnframt þessu er lagt til að tilbúin vindlingapappír verði gjaldskyldur með sama hætti og tóbak.

Samkvæmt a-lið 2. mgr. er lagt til að tóbaksgjald verði innheimt af öllu óunnu tóbaki. Þetta leiðir til þess að af hráefnum til tóbaksframleiðslu ber þegar við tollafgreiðslu að greiða tóbaksgjald. Framleiðendum er hins vegar heimilt á grundvelli 9. gr. frumvarpsins að draga þannig greitt tóbaksgjald frá því tóbaksgjaldi sem standa ber skil á af innlendri

framleiðslu á tóbaksvörum. Með þessu er tryggt að tóbaksgjald hefur ætíð verið innheimt af öllum tóbaksbirgðum sem til eru í landinu á hverjum tíma.

Samkvæmt b-lið þessarar greinar er lagt til að gjald af hverju grammi af nettóþyngd hvers pakka af vindlum verði 0,91 kr. Til skýringar skal þess getið að óeðlilegt er að hafa fast gjald af hverju stykki af vindlum, líkt og lagt er til varðandi vindlinga vegna mjög mismunandi stærðar þeirra og þyngdar. Á árinu 1984 voru seld 39,6 tonn af vindlum. Miðað við svipaða sölu á næsta ári og á s. l. ári næmu tekjur af gjaldinu af vindlum um 36,0 m.kr. á verðlagi marsmánaðar 1985.

Samkvæmt c-lið er lagt til að gjaldið verði 110,5 kr. af hverjum 100 stykkjum af vindlingum. Ekki er gerð tillaga um að innheimta skuli mismunandi gjald eftir lengd þeirra eða ummáli eins og tíðkast t. d. í Noregi. Tillaga sú sem hér er gerð þykir horfa til mikillar einföldunar, enda tóbaksmagnið oft svipað í vindlingum, þó svo lengd þeirra og ummál sé mismunandi. Gjald af hverju grammi vindlings er samkvæmt þessu aðeins hærra en af öðru tóbaki. Þessi munur er þó minni en hann hefur löngum verið. Á árinu 1984 seldust 447.210 mill af vindlingum (mill = 1000 stk.). Miðað við svipaða sölu má ætla að tekjur af gjaldinu af vindlingum á næsta ári verði rúmar 494 m. kr. á verðlagi marsmánaðar 1985.

Skv. d-lið greinarinnar er lagt til að sama gjald verði lagt á reykþóbak og vindla. Til þessa hefur einkasölugjaldið af reykþóbaki verið nokkru lægra en af vindlum, en ástæðulaust er talið að gera mun hér á. Sala á reykþóbaki á árinu 1984 nam tæpum 36 tonnum. Miðað við svipaða sölu næmu tekjur af gjaldinu á reykþóbaki tæpum 32,8 m. kr. á næsta ári á núvirði.

Í e-lið er lagt til að öðru unnu tóbaki en því sem greinir í a—d-lið verði einnig innheimt 0,91 kr. af hverju grammi. Hér er fyrst og fremst um neftóbak að ræða. Sala þess á árinu 1984 nam tæpu 15,1 tonni. Miðað við óbreytta sölu má því ætla að tekjur af gjaldinu samkvæmt þessum lið nemi u. þ. b. 13,7 m. kr. á núvirði.

Í f-lið er loks gert ráð fyrir að innheimta 6,90 kr. af hverjum 50 stk. eða færri af vindlingapappír. Sala á honum er mjög lítil og tekjur af þeirri sölu óverulegar.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að innheimta skuli vörugjald af öllu tóbaki. Vörugjaldinu er ætlað að koma í stað söluskatts sem nú er innheimtur af því. Lagt er til að ráðherra hafi heimild til að ákvarða gjaldið, þó þannig að það skuli aldrei vera lægra en 30% og aldrei hærra en 60%. Til þess að afla ríkissjóði sömu tekna og söluskattur gerir nú þyrfti vörugjaldið að vera 31%. Með því að veita ráðherra svigrúm til að ákvarða gjaldið innan ofangreindra marka má í raun segja að hann hafi eftir sem áður möguleika til beinna afskipta af tóbaksverði, án þess að til komi afskipti löggjafans hverju sinni. Þá er þessu svigrúmi til ákvörðunar gjaldsins ætlað að tryggja að ráðherra geti í kjölfar neyslubreytinga og breytinga á álagningarhlutföllum ákvarðað gjaldið með tilliti til þeirra áhrifa sem umræddar breytingar hefðu haft á söluskattstekjur ríkissjóðs.

Um 3. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að tóbaksgjald og vörugjald af innfluttum tóbaksvörum skuli innheimt við tollafgreiðslu, ásamt aðflutningsgjöldum, á sama hátt og önnur vörugjöld af innflutningi.

Um 4. gr.

Eins og kunnugt er þá er engin önnur framleiðsla tóbaksvara hérlendis en neftóbaksgerð. Því er ljóst að lang mestur hluti tóbaksgjalds og vörugjalds af tóbaki muni innheimtast í tolli. Engu að síður er nauðsynlegt, t. d. vegna núverandi neftóbaksframleiðslu, að kveða á um innheimtu af innlendri framleiðslu. Í þessari grein er kveðið á um hvenær innlend framleiðsla verður gjaldskyld, þ. e. við sölu eða afhendingu vörunnar, og skiptir í því efni ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram, hverjir séu gjaldskyldir, um tilkynningarskyldu þeirra og skráningu.

Um 5. gr.

Í þessari grein er kveðið á um álagningu og innheimtu gjaldanna af innlendri framleiðslu og eru þær efnislega þær sömu og gilda um álagningu og innheimtu vörugjalds samkvæmt lögum nr. 77/1980 og reglugerðum settum samkvæmt þeim lögum.

Um 6. gr.

Með þessari grein er til öryggis kveðið á um hvað átt sé við þegar kveðið er á um nettóþyngd í lögnum, þ. e. þyngd vörunnar án hvers konar umbúða, þ. m. t. neytendaumbúðir.

Um 7. gr.

Í þessari grein er lagt til að allar gjaldskyldar tóbaksvörur skuli merktar merki tolyfirvalda til sönnunar því að tóbaksgjald hafi verið af þeim greitt. Merkingu þessa annast framleiðendur og er gert ráð fyrir svipaðri eða sömu merkingu og nú á sér stað á vegum ÁTVR. Með þessari merkingu er stefnt að því að auðvelda eftirlit með ólöglegum innflutningi og framleiðslu hvers konar tóbaksvöru.

Um 8. gr.

Í þessari grein er kveðið á um heimild til handa fjármálaráðherra að hækka tóbaksgjald í samræmi við hækkun framfærsluvísitölu. Nú hefur fjármálaráðherra nokkuð óbundnar hendur varðandi ákvörðun einkasölugjaldsins. Í raun má segja að með ákvæði þessu sé verið að takmarka mjög verulega heimildir hans til hækkunar ígildis einkasölugjaldsins frá því sem verið hefur. Eins og kunnugt er þá eru þó nokkur gjöld nú hækkuð samkvæmt sambærilegri heimild, t. d. bensíngjald, þungaskattur og flugvallargjald. Ákvæðinu er ætlað að tryggja að gjaldið fylgi verðlagi, án þess að til afskipta löggjafans komi hverju sinni, rétt eins og raunin er varðandi ofangreind gjöld og verðgjald eins og toll og söluskatt.

9. gr.

Með þessari grein er kveðið á um að sömu reglur og gilda um vörugjald samkvæmt lögum nr. 77/1980 skuli eftir því sem við getur átt, gilda að öllu leyti um innheimtu tóbaksgjalds og vörugjalds af tóbaki samkvæmt þessum lögum, enda er hér um algerlega sambærileg gjöld að ræða að öðru leyti en því að tóbaksgjald tekur mið af stykkjatölu eða þyngd en vörugjöldin af verði. Greinin þarfnast því ekki nánari skýringa.

Um 10. gr.

Skv. a-lið 15. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 74/1984 skal árlega verja 2% af brúttósölu tóbaks til tóbaksvarnarstarfs. Ljóst er að um leið og ríkið missir einkasölurétt sinn á tóbaki er ekki hægt að koma við mörkun fjárframlaga með þessum hætti. Af þessum sökum er sú leið valin að kveða svo á um í þessari grein að framlög ríkisins skuli ákveðin árlega af Alþingi við gerð fjárlaga rétt eins og önnur framlög til heilsuverndar.

Um 11. gr.

Í þessari grein er lagt til að ráðherra gefi nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara á sama hátt og tíðkast varðandi vörugjöldin samkvæmt lögum nr. 77/1980 og lögum nr. 107/1978.

Um 12. gr.

Með vísan til 10. gr. er nauðsynlegt að fella úr gildi með þessari grein 15. gr. laga nr. 74/1984. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.